




AKRANES

HÓTANIR OG OFBELDI Á VINNUSTAÐ

Samanburður 2010, 2011 og 2013

Hjördís Sigursteinsdóttir

September 2020

EFNISYFIRLIT

MYNDASKRÁ.....	3
INNGANGUR	4
HÓTANIR Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ	5
LÍKAMLEGT OFBELDI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ	7
GERENDUR Í HÓTUNUM OG LÍKAMLEGU OFBELDI Á VINNUSTAÐ	9
SAMANTEKT	11

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Hefur þú orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?.....	5
Mynd 2. Hótanir á núverandi vinnustað 2010-2013.....	6
Mynd 3. Hefur þú orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?	7
Mynd 4. Líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað 2010-2013.	8
Mynd 5. Hver var gerandinn í hótununum?	9
Mynd 6. Hver var gerandinn í líkamlega ofbeldinu?	10

INNGANGUR


Í þessari skýrslu er hótanir og ofbeldi á vinnustað skoðað fyrir árin 2010, 2011 og 2013. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga. Skýrslunni er skipt upp í fjóra hluta; (1) Hótanir á núverandi vinnustað, (2) Líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað, (3) Gerendur í hótunum og líkamlegu ofbeldi á vinnustað, (4) Samantekt.

Í fyrirlögnunum 2010, 2011 og 2013 voru hótanir og líkamlegt ofbeldi mælt með tveimur spurningum: (1) „Hefur þú orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“ og (2) „Hefur þú orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“. Svarmöguleikar voru: Nei, já einu sinni og já oft en einu sinni.

Í öllum fyrirlögnum spurningalistans var spurt á eftirfarandi hátt út í gerendur: „Ef þú svaraðir já við að hafa orðið fyrir hótunum og/eða líkamlegu ofbeldi, hver var gerandinn?“. Það mátti merkja við fleiri en einn aðila. Svarmöguleikar voru: (1) stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi, (4) annar.

HÓTANIR Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Í fyrirlögnunum 2010, 2011 og 2013 voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2), Já, einu sinni og (3) Oftar en einu sinni.




Mynd 1. Hefur þú orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?

Sjá má að í langflestum tilvikum hefur viðkomandi ekki orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Hlutfall þeirra sem hefur orðið oftari en einu sinni fyrir hótunum á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,6-4,2% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,6-3,0%.

Sjá má að hlutfall þeirra sem hefur orðið fyrir hótunum oftari en einu sinni er lægra meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni og einnig lægra þegar horft er til þeirra sem hafa orðið fyrir hótunum einu sinni á vinnustað á síðustu tveimur árum nema í fyrirlögninni 2011.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að hlutfall þeirra sem hefur orðið oftari en einu sinni fyrir hótunum á núverandi vinnustað mældist á bilinu 3,6-4,8% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað mældist á bilinu 3,3-3,9%.




Mynd 2. Hótanir á núverandi vinnustað 2010-2013.

Niðurstöðurnar sýna að hótanir á núverandi vinnustað mældust á bilinu 3,2-7,2%, hæst í fyrirlögninni 2013 og lægst í fyrirlögninni 2010. Hótanir á núverandi vinnustað mældust lægri meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í öllum fyrirlögnum spurningalistans.

Horft til allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að hótanir á vinnustað mældust á bilinu 6,9-8,7%, hæst í fyrirlögninni 2013 og lægst í fyrirlögninni 2010.

LÍKAMLEGT OFBELDI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Í fyrirlögnunum 2010, 2011 og 2013 voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2), Já, einu sinni og (3) Oftar en einu sinni.




Mynd 3. Hefur þú orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?

Sjá má að í langflestum tilvikum hefur viðkomandi ekki orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Hlutfall þeirra sem hefur orðið oftari en einu sinni fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað mældist á bilinu 0,0-1,2% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað mældist á bilinu 0,5-2,7%.

Sjá má að hlutfall þeirra sem hefur orðið fyrir líkamlegu ofbeldi oftari en einu sinni er lægra meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni og lægra þegar horft er til þeirra sem hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi einu sinni á vinnustað á síðustu tveimur árum nema í fyrirlögninni 2011.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að hlutfall þeirra sem hefur orðið oftari en einu sinni fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað mældist á bilinu 2,9-4,2% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað mældist á bilinu 2,3-2,6%.




Mynd 4. Líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað 2010-2013.

Niðurstöðurnar sýna að líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,1-2,7%, hæst í fyrirlögninni 2011 og lægst í fyrirlögninni 2010. Einnig má sjá að líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað mældist lægra meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni.

Horft til allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að líkamlegt ofbeldi á vinnustað mældist á bilinu 5,5-6,5%, hæst í fyrirlögninni 2013 og lægst í fyrirlögninni 2010.

GERENDUR Í HÓTUNUM OG LÍKAMLEGU OFBELDI Á VINNUSTAÐ


Í þessum hluta er niðurstaða fjallað um gerendur í eineltinu á vinnustað. Spurt var: „Hver var gerandinn í hótununum?“ og „Hver var gerandinn í líkamlega ofbeldinu?“. Merkja mátti við fleiri en einn aðila. Svarmöguleikar voru: (1) stjórnandi vinnustaðar/næsti yfirmaður, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi, (4) annar.



Mynd 5. Hver var gerandinn í hótununum?

Sjá má að algengast var að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandinn í hótunum á núverandi vinnustað í fyrirlögnunum 2010 og 2013 en stjórnendur í fyrirlögninni 2011. Sjá má að hlutfall stjórnenda sem gerendur í hótununum á núverandi vinnustað mældist hærra en hjá starfsfólki í öllum sveitarfélögum í rannsókninni í öllum fyrirlögnum spurningalistans.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að algengast var að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandinn í hótununum á núverandi vinnustað eða í um 56-70% tilvika.



Mynd 6. Hver var gerandinn í líkamlega ofbeldinu?

Sjá má að langalgengast var að merkt við að annar hafi verið gerandinn í líkamlega ofbeldinu á núverandi vinnustað þ.e. ekki stjórnandi, vinnufélagi eða þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi. Sjá má að hlutfall þjónustuþega/íbúa/aðstandenda sem gerendur í líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað mældist lægra en hjá starfsfólki í öllum sveitarfélögum í rannsókninni í öllum fyrirlögnum spurningalistans.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að algengast var að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandinn í hótunum á núverandi vinnustað eða í um 72-82% tilvika.

SAMANTEKT

Í þessari skýrslu eru hótanir og líkamlegt ofbeldi á vinnustað skoðað fyrir árin 2010, 2011 og 2013. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013. Fjallað var um hótanir og líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað og gerendur í hótunum og líkamlega ofbeldinu.

Niðurstöðurnar sýna að hótanir á núverandi vinnustað mældust á bilinu 3,2-7,2%, hæst í fyrirlögninni 2013 og lægst í fyrirlögninni 2010. Hótanir á núverandi vinnustað mældust lægri meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í öllum fyrirlögnum spurningalistans.

Niðurstöðurnar sýna að líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,1-2,7%, hæst í fyrirlögninni 2011 og lægst í fyrirlögninni 2010. Einnig má sjá að líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað mældist lægra meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni.

Algengast var að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandinn í hótunum á núverandi vinnustað í fyrirlögnunum 2010 og 2013 en stjórnendur í fyrirlögninni 2011. Sjá má að hlutfall stjórnenda sem gerendur í hótunum á núverandi vinnustað mældist herra en hjá starfsfólki í öllum sveitarfélögum í rannsókninni í öllum fyrirlögnum spurningalistans.

Langalgengast var að merkt við að annar hafi verið gerandinn í líkamlega ofbeldinu á núverandi vinnustað þ.e. ekki stjórnandi, vinnufélagi eða þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi. Sjá má að hlutfall þjónustuþega/íbúa/aðstandenda sem gerendur í líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað mældist lægra en hjá starfsfólki í öllum sveitarfélögum í rannsókninni í öllum fyrirlögnum spurningalistans.